

**254. fundur Bæjarstjórnar Fjallabyggðar  
haldinn í fjarfundi  
miðvikudaginn 19. febrúar 2025 og hófst hann kl. 12:00.**

**Fundinn sátu:**

S. Guðrún Hauksdóttir, forseti,  
Tómas Atli Einarsson, 2. varaforseti,  
Helgi Jóhannsson, aðalfulltrúi,  
Guðjón M. Ólafsson, 1. varaforseti,  
Sæbjörg Ágústsdóttir, aðalfulltrúi,  
Þorgeir Bjarnason, aðalfulltrúi,  
Arnar Þór Stefánsson, aðalfulltrúi,  
Þórir Hákonarson, bæjarstjóri.

**Fundargerð ritaði:** Þórir Hákonarson, bæjarstjóri.

**Fyrir var tekið:**

**1. Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga 2024-2025 - 2501051**

*Á fundi bæjarráðs Fjallabyggðar þann 18. febrúar 2025 vísaði bæjarráð eftirfarandi óskum um sérreglum í reglugerð 819/2019 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2024/2025 til afgreiðslu í bæjarstjórn:*

*Ákvæði 1. málsl. 1. mgr., c liðar 1. greinar breytist og verður:*

*Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. júlí 2024.*

*Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður:*

*Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðalags á tímabilinu 1. september 2023 til 31. ágúst 2024, þó að hámarki 80 þorskígildistonn á fiskiskip.*

*Í 6. grein reglugerðarinnar verði veitt undanþága frá löndun til vinnslu.*

*Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: "Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðarkvóta innan sveitarfélagsins." Önnur ákvæði sömu málsgr. breytist í samræmi.*

*Í 6. gr., 3. málsgr, breytist og verður: „Afli sem boðinn er upp á fiskmarkaði innan sveitarfélagsins telst uppfylla skilyrði um löndun innan sveitarfélagsins samkvæmt 1. málsgr.“*

**Niðurstaða**

*Bæjarstjórn samþykkir ofangreindar óskir um breytingar á sérreglum í reglugerð 819/2019 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2024/2025 með 7 atkvæðum.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15.**

---

S. Guðrún Hauksdóttir

---

Tómas Atli Einarsson

---

Helgi Jóhannsson

---

Guðjón M. Ólafsson

---

Sæbjörg Ágústsdóttir

---

Þorgeir Bjarnason

---

Arnar Þór Stefánsson